

Viðburðaríku kjörtímabili lýkur

Nú dregur að lokum kjörtímabils. Tím-
inn hefur verið ótrúlega fljótur að líða,
enda viðburðaríkur. Verkefni hafa verið
mörg og spennandi á þeim fimm höf-
uðsviðum, sem undir menntamálaráðu-
neytið falla, en þar vísa ég til menntamála,
menningarmála, rannsókn- og vísinda-
mála, íþróttamála og æsku-
lýðsmála. Meðal fjölmenn-
ari þjóða er ekki óalgengt, að
þessum verkefnum sé skipt á
fimm ráðuneyti.

Misjafnt er hvernig mennta-
málaráðuneytið kemur að
þessum málum. Hér á landi
fellur framkvæmd margra
þeirra að mestu undir sveitarfé-
lagin, á það ekki síst við
um íþrótt- og æskulýðsmál-
in. Á kjörtímabilinu varð sú
sögulega breyting á verka-
skiptingu ríkis og sveitarfé-
laga að grunnskólinn skipti
um húsbændur. Síðan 1.

ágúst 1996 hafa sveitarfélögin farið með
yfirstjórn grunnskólans. Menntamála-
ráðuneytið kemur þar að sem eftirlitsað-
ili, útgefandi námskrár og námsefnis.

Verulegar hækkanir á fjárveitingum til
málaflokka menntamálaráðuneytisins
hafa orðið á síðustu fjórum árum. Samkvæmt skýrslu menntamálaráðherra
til Alþingis um framkvæmd skólustarfs í
grunnskólum hækkuðu heildarframlög
ríkis og sveitarfélaga til skólamála um

tæp 40% á tímabilinu, miðað við verð-
lag fjárlaga 1999. Samkvæmt fjárlögum
fóru framlög ráðuneytisins til háskóla-
stigsins úr 3,6 milljörðum króna árið
1995 í 5,76 milljarða króna árið 1999
og framlög þess til framhaldsskólastigs-
ins fóru úr 5,26 milljörðum króna 1995 í

Unnið hefur verið að gerð nýrra aðal-
námskráa fyrir leikskóla, grunnskóla og
framhaldsskóla. Námskráin fyrir grunns-
kólann er þegar komin út og verður í tólf
heftum. Auknu fé er veitt til námsefnis-
gerðar og til að endurmennta kennara.



Ljónn. Bára

Myndin er tekin í leikskólanum Mánabrekku á Seltjarnarnesi þar sem menntamálaráðherra hélt blaðamannafund og kynnti nýja leikskólastefnu undir kjörorðinu Enn betri leikskóli. Á myndinni með ráðherra stendur Dagrún Ársælsdóttir leikskólastjóri. Við borðið situr Sigurrós Sóley Jónsdóttir starfsmaður ásamt börnum úr leikskólanum. Sjá nánar bls. 14.

6,7 milljarða króna á þessu ári. Til ann-
arra fræðslumála renna nú rúmir tveir
milljarðar og hafa framlög til þeirra auk-
ist um 11,1% frá 1995. Ef tekið er tillit til
aukinna verkefna þá hefur framlag á
hvern nemanda í háskóla hækkað um
36% á tímabilinu og um 20% á hvern
nemanda á framhaldsskólastigi.

Eftir flutning grunnskólans til sveitarfé-
laga var sérstök mats- og eftirlitsdeild
stofnuð í menntamálaráðuneytinu.

Ný lög fyrir framhaldsskóla
voru samþykkt á kjörtíma-
bilinu. Er ný námskrá fyrir
framhaldsskóla sniðin að
bóknámsbrautum eins og
þeim er lýst í lögnum. Allri
yfirstjórn á starfsnámi hefur
verið gjörbreytt og skipuð
hafa verið fjórtán starfs-
greinaráð til að semja
námskrár hvert á sínu sviði.

Ný heildarlög um háskóla
voru samþykkt og sérlög
fyrir nýjan og stærri Kenn-
araháskóla Íslands, Háskóla
Íslands og Háskólann á Ak-
ureyri. Tveir einkareknir

háskólar hafa komið til sögunnar, Við-
skiptaháskólinn í Reykjavík og Listahá-
skóli Íslands auk Samvinnuskólans á
Bifröst. Menntun leikskólakennara,
íþróttakennara og þroskaþjálfara hefur
verið flutt á háskólastig. Skipulega hefur
verið unnið að því að efla símenntun á
grundvelli álits nefndar frá árinu 1998
og skipuð hefur verið sérstök verkefnis-
stjórn til að framkvæma tillögur í álit-
inu. Hefur verið ákveðið að 28. ágúst
1999 verði dagur símenntunar.

Unnið hefur verið að því að skilgreina samskipti ríkisvaldsins við framhaldsskóla og háskóla með nýjum hætti. Sjálfstjórn skólanna hefur stórukist og fjárhagslegt samband þeirra við ríkissjóð byggist á svo nefndum árangursstjórnarsamningum.

Úthlutunarreglur LÍN rýmkaðar

Lánasjóður íslenskra námsmanna hefur eflst. Úthlutunarreglur hafa verið rýmkaðar og endurgreiðsluhlutfall lána hefur verið lækkað. Réttur lánþega hefur verið aukinn með málskotsnefnd. Þá hefur réttarstaða nemenda á öllum skólastigum verið skilgreind í ljósi stjórnýslulaga.

Skipulagsbreytingar innan menntamálaráðuneytisins hafa styrkt stöðu þess til að taka afstöðu til álitamála á sviði stjórnýslu og lögfræði.

Umsvif á sviði rannsókna og vísinda aukast jafnt og þétt. Samin hefur verið markáætlun um rannsóknir í upplýsingatækni og umhverfismálum. Þátttaka Íslendinga í rannsóknáætlunum Evrópusambandsins hefur verið tryggð.

Menntamálaráðuneytið hefur verið í fararbroddi við nýtingu upplýsingatækninnar. Verulegur árangur hefur náðst á öllum sviðum sem snerta hana á sviði mennta- og menningarmála. Samið hefur verið við hugbúnaðarrisann, Microsoft, um að íslenska verði viðurkennt tungumál í afurðum hans.

Dagur íslenskrar tungu vann sér sess á kjör- tímabilinu, eftir að ríkisstjórnin samþykkti tillögu um hann haustið 1995. Er hann haldinn hátíðlegur á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar 16. nóvember ár hvert.

Fréttabréf menntamálaráðuneytis,
9. árg. 2. tbl. apríl 1999
Ábyrgðarmaður: Guðríður Sigurðardóttir
Ritstjóri: Kristín Jónsdóttir
Útlitshönnun: Fítón • hh
Ljósmyndun: Bára
Útg. menntamálaráðuneytið,
Sölvhólsögötu 4, 150 Reykjavík
Netfang: postur@mrm.stjr.is
Veffang: www.mrm.stjr.is
Prentun: Gutenberg

Þjóðmenningarhús

Búið hefur verið betur að ýmsum söfnum. Alhliða viðgerð fór fram á Listasafni Einarssonar, keypt hefur verið nýtt skrifstofu- og þjónustuhús fyrir Listasafn Íslands, ákvarðanir hafa verið teknar um endurgerð Þjóðminjasafns Íslands, Safnahúsínu við Hverfisgötu hefur verið breytt í Þjóðmenningarhús, sem verður opnað á næsta ári, unnið hefur verið að því að innrétta húsakost Þjóðskjalasafns Íslands, Landsbókafni Íslands) háskólabókafni verður sköpuð aðstaða í Reykholti í Borgarfirði, þar sem ráðist hefur verið í endurveisn staðarins undir merkjum Snorrastofu, sem lýtur stjórn heimamanna.

Ákvörðun hefur verið tekin um að ríkið og Reykjavíkurborg vinni saman að því að reisa tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í miðborg Reykjavíkur samhliða því sem þar verði reist nýtt hótél. Kynnt hefur verið hugmynd um menningarhús á landsbyggðinni með fjárstuðningi ríkisins. Í hugmyndinni felst, að ríkisstjórnin er reiðubúin að leggja þeim lið, sem vilja efla menningarstarf fjarri höfuðborgarsvæðinu.

Aukinn fjárstuðningur við kvikmyndagerð

Menningarlíf hefur blómstrað og er gróskan í því meiri en nokkru sinni fyrr. Ný leiklistarlög hafa verið samþykkt. Samið hefur verið um árlega aukningu á fjárstuðningi ríkisins við kvikmyndagerð.

Frumvarp til útvarpslaga var lagt fram og hugað að framtíð Ríkisútvarpsins, sem flytur nú meginstarfsemi sína á einn stað í útvarpshúsið við Efstaleiti.

Ný ípróttalög hafa komið til framkvæmda. Gerð hefur verið skýrsla um eflingu ípróttastarfs og í samræmi við hana hefur verið samið um fimm ára stuðning ríkisins við afreksmannasjóð ÍSÍ.

Ný lög um almenningsbókasöfn hafa komið til framkvæmda, en rekstur safnanna er í höndum sveitarfélaga. Í tengslum við samþykkt laganna var ákveðið að ríkissjóður legði tímabundið fé af mörkum til að auðvelda söfnunum að nýta upplýsingatæknina.

Þannig gæti ég haldið áfram að tunda einstök verkefni og framgang þeirra. Hér verður þó látið staðar numið með innilegu þakklæti til allra, sem gert hafa kleift að hrinda þessum verkefnum og svo fjöldamörgu öðru í framkvæmd. Starfsfólki menntamálaráðuneytisins vil ég sérstaklega þakka ánægjulegt samstarf. Ekki má láta staðar numið heldur sækja enn fram á veginn. Menntun og menning verða sífellt mikilvægari þættir í þjóðlífi okkar. Án öflugs mennta- og menningarlífs halda Íslendingar ekki þeirri stöðu, sem þeir hafa náð í fremstu röð þjóða heims.

Björn Bjarnason

E	F	N	I	S	Y	F	I	R	L	I	T																										
<i>Víðburðaríku kjörtímabili ljúkur</i>	1	<i>Gæðastjórnun svýst um að uppfylla þarfir og kröfur viðskiptavinarins</i>	3	<i>Námslán og frítekjumark hækka</i>	4	<i>Jafurétti til menntunar</i>	4	<i>Listkennsla á að þroska sköpunargáfu</i>	5	<i>Hvaða nýjungar í skólastrafi skila árangri?</i>	6	<i>Úthlutun úr Þróunarsjóði grunnskóla</i>	6	<i>Staða vinnu við sjálfsmat könnuð</i>	7	<i>Skýrsla um framkvæmd skólalálds í grunnskólum 1995-1998</i>	8	<i>Þróunarsjóður leikskóla styrkir verkefni sem stuðla að nýjungum í leikskólum</i>	9	<i>Nefndir, ráð og stjórnir í menningarmálum</i>	10	<i>Mumu móta samfélagið allt</i>	11	<i>Vikingasýning í Washington</i>	12	<i>Úthlutun styrkja til atvinnuleikbópa 12 Listmenntun á vegum Listabáskóla Íslands</i>	13	<i>Mat á þörf fyrir grunnskólakennara árið 2010</i>	14	<i>Enn betri leikskóli</i>	14	<i>Ný lög um sjálfstæði Háskóla Íslands</i>	15	<i>og Háskólans á Akureyri</i>	15	<i>Upplýsingatækni í skólastarfi</i>	16



Ljós: Bára

„Í bókinni er reynt að skýra á aðgengilegan hátt tiltekin sjónarmið við stjórnun skóla sem sótt eru til hugmynda um gæðastjórnun. Fjallað er um skólaþróun og breytingar á skólastarfi og greint frá rannsóknum á skilvirkni skóla og eðli breytingastarfs. Reifuð eru helstu hugtök gæðastjórnunar m.a. gæðahugtakið, gæðastjórnun og gæðakostnaður. Einnig er sjónum beint að þýðingarmiklum hugtökum er varða stjórnun skóla svo sem markmiðum, forystu, framtíðarsýn og stofnanabrag. Vikið er að hefðbundnum vinnuáðferðum við gæðastjórnun og uppbyggingu gæðakerfis fyrir skóla. Bókinni lýkur með umræðu um gildi þessa vinnulags fyrir markvissa stjórnun skóla,“ segir Börkur um inntak bókarinnar *Skólastarf og gæðastjórnun* sem var að koma á vegum Rannsóknastofnunar Kennaraháskóla Íslands. Höfundar eru þeir dr. Börkur Hansen dósent við Kennaraháskólann og Smári S. Sigurðsson gæðastjóri við Iðntæknistofnun. Að þeirra sögn er þetta fyrsta íslenska bókina sem kemur út um gæðastjórnun í skólamáli. Í formála bókarinnar segjast þeir vonast til að bókina verði skólastjórnendum, kennurum og öðru áhuga-fólki um umbætur í skólastarfi hvatning til nánari athugana á hugmyndum þessum og notagildi þeirra.

Gæðastjórnun!

Það liggur beint við að spyrja hvað höfundar eigi við með gæðastjórnun.

„Öll stjórnun er spurning um gæði,“ segir Smári „allir eru að reyna að gera betur en þeir gerðu. Það sem átt er við með gæðastjórnun er að hún skilgreinir gæði út frá viðskiptavinum.

„Gæðastjórnun snýst um að uppfylla þarfir og kröfur viðskiptavinarins“

Hún snýst um að uppfylla þarfir og kröfur viðskiptavinarins.“

-Eru það þá nemendur, foreldrar eða samfélagið í heild sem eru viðskiptavinir skólans?

„Skólinn er til fyrir nemendur, þeir eiga foreldra og öll búum við í samfélagi sem skólinn tilheyrir. Allir þessir aðilar eru því mikilvægir viðskiptavinir skólans þó að einn geti verið öðrum mikilvægari í vissum málum. Það sem skiptir þó mestu máli í þessu sambandi er að hugtakið undirstrikar þjónustuhlutverk skólans og að komið sé til móts við þarfir nemandans,“ segir Smári og Börkur bætir við: „Það sem gæðastjórnunarumræðan getur bætt við skólaumræðuna er að þetta er hagnýtt og framkvæmanlegt. Hún býður upp á ákveðið verklag sem hefur sýnt sig að er nokkuð skilvirkt.“

Það sem okkur finnst mikilvægast er að búíð er að laga gæðastjórnunarhugmyndafræðina að veruleika skóla. Það er ekki verið að segja svona eigið þið að gera þetta. Þetta er kynning þar sem verið er að draga fram á einfaldan hátt meginhugmyndirnar sem í þessari hugmyndafræði felast með það fyrir augum að búa til smiðju eða þekkingarbrunn fyrir skólafólk til að sækja í. Þetta er ekki forskrifarbók heldur hugmyndabók.“

Þeir félagar Börkur og Smári segja að lokum að ljóst sé að hugmyndir um gæðastjórnun eigi rætur að rekja til stjórnunar iðnfyrirtækja og fjöldaframleiðslu á vörum. Ýmis hugtök og áherslur komi því skólafólki spánskt fyrir sjónir. Öll getum við verið sammála um þýðingu þess að laga mikilvæg hugtök að skólastarfi og sérkennum þess en slíkt taki tíma og þolinmæði og stundum verði reynslan að skera úr. Því megi þó ekki gleyma að gæðastjórnun á margt sameiginlegt með hefðbundnum hugmyndum um skólastjórnun, skólaþróun og mati á skólastarfi og hefur í heiðri lýðræðisleg vinnubrögð og jákvæð viðbrögð til mannsins. Gæðastjórnun hafi aftur á móti ekki svör við öllum spurningum um skólastarf enda sé hún fyrst og fremst hugsuð sem heildstæð stjórnunarfræði er leggur megináherlsu á að virkja starfsfólk og fela því vald og ábyrgð til þess að inna störf sín sem best af hendi.

Námslán og frítekjumark hækka

Í byrjun mars síðastliðinn samþykkti ríkisstjórnin tillögu menntamálaráðherra, Björns Bjarnasonar, um endurskoðun á úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Ráðherra lagði til að í ljósi góðrar fjárhagsstöðu LÍN á árinu 1999 væri grunnframfærsla hækkuð um 5% eða úr 57.600 kr. í 60.500 kr. á mánuði. Hinn 1. júní næstkomandi væri síðan stefnt að 3% hækkingu í samræmi við verðlags- og gengisþróun. Fyrir skólaárið 1999-2000 yrði grunnframfærslan þá 62.300 kr.

Frítekjumarkið hækkað í 250 þús. kr. Þá var jafnframt samþykkt að dregið verði úr tekjutengingu námslána vegna skólaársins 1999-2000 og frítekjumark

hækkað úr 185 þús. kr. í 250 þús. kr. Um er að ræða umtalsverða kjarabót fyrir námsmenn en ætlað er að þessi hækking frítekjumarks leiði til um 150 milljóna króna útlánaaukningar og 85 m.kr. hækkingar á framlagi ríkissjóðs frá og með

árinu 2000. Á undanförunum árum hefur fjárhagsstaða LÍN verið að styrkjast, enda aðhalds gætt í útlánum og sjóðurinn notið góðs af lækkun vaxta á lánamarkaði. Jafnframt hafa fjárhagsáætlanir og fjárlagaforsendur staðist í öllum aðalatriðum.



Jafnrétti til menntunar

Menntamálaráðuneytið hefur gefið út bæklinginn *Jafnrétti til menntunar*. Í bæklingnum er áréttáð mikilvægi þess að verkefni og viðfangsefni nemenda höfði jafnt til drengja og stúlkna. Niðurstöður samræmdra prófa og staðlaðra kunnáttuprófa svo og niðurstöður nýlegra rannsókna hafa leitt í ljós umtalsverðan kynjamun hvað varðar menntun og skólastarf. Þannig er námsárangur pilta yfirleitt verri en stúlkna auk þess sem þeir eru líklegri til að hverfa frá námi og lenda í ýmsum erfiðleikum í skóla.

Sjálfsmat stúlkna lægra en pilta

Á hinn bóginn kemur fram að sjálfsmat stúlkna er yfirleitt lægra en pilta þrátt fyrir betri námsárangur. Því má ætla að ekki hafi að öllu leyti tekist að framfylgja lögum um jafnrétti kynjanna til menntunar og að ástæða sé til að huga sérstaklega að hvoru kyni fyrir sig í skólum.

Vorið 1997 var sett á fót nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins, til að fjalla um jafnréttismál. Í nefndinni sátu Ragnhildur

Richter, tilnefnd af Hinu íslenska kennarafélagi, Helga Gunnarsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Brynja D. Matthíasdóttir, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands, Sólveig Karvelsdóttir, tilnefnd af Kennaraháskóla Íslands og Inga Dóra Sigfúsdóttir sem jafnframt var formaður. Starfsmaður nefndarinnar var Sigríður Jónsdóttir frá menntamálaráðuneyti og *Jafnrétti til menntunar* er afkastur af starfi nefndarinnar. Bæklingnum er ætlað að vekja kennara og annað skólafólk til umhugsunar um lögbundið jafnrétti kynjanna til menntunar. Þá er í honum bent á leiðir til að stuðla að jafnrétti í skólastarfi, bæði í kennslu almennt og í einstökum greinum. Menntamálaráðherra kynnti bæklinginn fyrir nemendum og kennurum Hofstaðaskóla í Garðabæ í lok mars en honum hefur nú verið dreift til allra skóla.



Björn Bjarnason menntamálaráðherra hélt blaðamannafund í Hofstaðaskóla til að kynna bæklinginn Jafnrétti til menntunar. Hér er hann ásamt Hilmari Ingólfssyni skólastjóra, kennurum og nemendum.



Listkennsla á að þroska sköpunargáfu

„Nú eru í fyrsta skipti skilgreind markmið fyrir leikræna tjáningu og dans í nýútkominni aðalnámskrá grunnskóla. Þessar greinar hafa verið kenndar í ýmsum grunnskólum og þá samþættar við aðrar námsgreinar. Þær verða áfram samþættar og einnig í formi námskeiða en nauðsynlegt þótti að setja þeim markmið fyrir hvert aldurskeið þannig að kennsla þeirra verði markvissari og ekki tilviljun háð,“ segir Halldóra Thoroddsen faglegur umsjónarmaður námskrár fyrir listir.

„Í eldri aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla er talað um samþættan greinaflokk undir heitinu mynd- og handmennt“ heldur Halldóra áfram. „Þar er gerð tilraun til þess að vinna í þeim anda að sjónlistir séu tré sem einstaka fög s.s. myndmennt, eða teikning eins og hún hét lengi, og handavinna eru greinar út frá. Hins vegar hefur það sýnt sig að hinar einstöku greinar eru svo sjálfstæðar og hafa slíkt séreðli, að þær hafa haldið sinni afmörkun þrátt fyrir ýmsar tilraunir til samþættingar.“

Fagmiðuð listkennsla

„Sú samþætting sem stefnt var að í eldri námskrám er ekki í samræmi við eðli greinanna sem fag- og fræðasviðs. Því hefur verið lögð áhersla á fagmiðaða list-

kennslu sem tekur til allra þekkingarsviða hvers fags. Þessi áherslubreyting er í samræmi við breytt viðmið í listaheiminum ekki síst í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Til þess að námskrá og kennsla geti gert listum og hönnun skil eins og hún er nú, full tilvísana í sögu sína og hugmyndalegan grundvöll, þarf nýjar og breyttar áherslur. Þessi áherslubreyting er líka í takt við nýja sýn á hlutverk skólans í upplýsingasamfélagi nútímans. Nemendur hafa aðgang að gnótt þekkingarbrota og hlutverk skólans er m.a. að sjá til þess að nemendur hafi forsendur til þess að raða brotunum saman í merkingarbæra heild. Hlutverk hans er að kenna nemendum að meta gildi upplýsinga, túlka þær og miðla þekkingu sinni og skoðunum, samhliða þjálfun í tækni og aðferðum.

Smíði heyrir undir upplýsinga- og tæknimennt

Öll listgreinakennsla á að miða að því að þroska sköpunargáfu, efla sjálfsvitund og auka menningarskilning nemenda. Megináhersla er lögð á að kennslan feli í sér öll þekkingarsvið listanna þ. e. sköpun, sögulegt samhengi, fagurfræði og mat. Í náminu þarf að vera meira jafnvægi milli framsetningar og móttöku. Um þetta var mikill einhugur í námskrárvinnunni þótt misjafnt sé milli greina hvaða þættir hafa orðið útundan. Þannig vildu tónmenntakennarar auka þátt tjáningarinnar en myndlistar- og textílkennarar auka þátt listasögunnar.

Námsviðið á að taka til allra hinna ólíku sviða hvernar listgreinar jafnt alþýðu- sem fagurlistar, dægur- sem sígildrar listar og hönnunar sem frjálstrar listar.

Í samræmi við þetta er hlutverk listgreinakennslu tvíþætt. Annars vegar kenna þær tjáningarleiðir greinanna, sem mannkynið hefur þróað með sér frá örófi alda og hins vegar vekja með nemendum vitund um tilgang, merkingu og samhengi í listum.“

–Nú er smíði ekki skilgreind lengur með listgreinum, hvað veldur?

„Þegar forvinnuhópurinn stóð frammi fyrir því að skilgreina námsviðið list- og verkgreinar, fannst hópnum erfitt að skilgreina þessar námsgreinar undir einu námsviði þannig að sami rökstuðningur gildi fyrir allar greinarnar. Listir eiga sér sameiginlega formgerð, sem ekki gildir fyrir verkmennt, nema verkmennt sé skilgreind sem listiðnaður. Margar þjóðir skilgreina verkmenntir í námskrám sínum með listum en þá eru þær yfirleitt að kenna listiðnað. En það hafa orðið áherslubreytingar í smíðinni. Hún er að taka tæknina meira inn en tenging við listir er þó enn til staðar í greininni. Hópnum fannst vel til fallið, miðað við þróun og nýsprota textílmenntar og stöðu hennar í atvinnulífnum, tísku- og listaheiminum, að skilgreina hana með listgreinum. Það reyndist hins vegar erfiðara að skilgreina saman dans og smíði eða tónlist og smíði svo dæmi sé tekið, þannig að sami rökstuðningur gildi. Eftir mikla umræðu, sem bæði smíða- og handavinnukennarar tóku þátt í, var ákveðið að fella smíði undir námsvið upplýsinga- og tæknimennta en textílmennt undir námsvið lista. Sviðið heitir því listasvið en hét áður mynd- og handmennt og tónmennt segir Halldóra Thoroddsen að lokum.

Hvaða nýjungar í skólastarfi skila árangri?

Í verkefnaáætlun OECD, *What works in innovation in education* (Hvaða nýjungar í skólastarfi skila árangri?), er árlega tekið fyrir ákveðið viðfangsefni úr skólastarfi á unglinga- og framhaldsskólastigi og 5-10 aðildarlöndum boðið að taka þátt í sameiginlegu verkefni. Markmið þessarar áætlunar OECD er m.a. að vekja athygli á því sem vel er gert í skólastarfi og stuðla að því að þekking og reynsla af árangursríku skólastarfi breiðist út. Verkefnið felst í því að hvert þátttökuland vinnur skýrslu þar sem lýst er þremur dæmum úr skólastarfi um viðfangsefnið

sem tekið er fyrir og þau tengd menntakerfi og menntastefnu viðkomandi lands. Þegar skýrsla frá þátttökulandi liggur fyrir heimsækja sérfræðingar frá OECD viðkomandi land og kanna bakgrunn skýrslunnar. Sérfræðingarnir vinna síðan lokaskýrslu um öll þátttökulöndin og er sú skýrsla gefin út af OECD.

Ísland tekur nú í fyrsta sinn þátt í verkefni af þessu tagi og ber það heitið: Að auka áhuga nemenda á símenntun. Verkefnið fjallar fyrst og fremst um aðgerðir og viðleitni í skólastarfi á unglinga- og framhaldsskólastigi til að vekja áhuga nemenda á námi og beinist aðallega að nemendum sem hætta er á að hverfi frá námi. Auk Íslands taka að þessu sinni þátt Danmörk, Finnland, Írland, Japan, Kórea, Noregur og Bretland.

Menntamálaráðuneytið hefur falið Fjölni Ásbjörnssyni, kennara í Iðnskólanum í Reykjavík, að vinna skýrsluna fyrir Ísland. Sérfræðingar frá OECD eru væntanlegir hingað til lands síðustu viku aprílmánaðar en lokaskýrsla sérfræðinganna verður tilbúin næsta haust.

Úthlutun úr Þróunarsjóði grunnskóla

Úthlutað hefur verið úr Þróunarsjóði grunnskóla fyrir skólaárið 1999-2000. Alls bárust 52 umsóknir um styrki úr sjóðnum að upphæð samtals um 60 milljónir króna. Til ráðstöfunar voru um 10 milljónir króna. Auglýst var sérstaklega eftir umsóknum um þróunarverkefni í íslenskukennslu og á sviði samstarfs heimila og skóla. Að tillögu ráðgjafarnefndar Þróunarsjóðs grunnskóla hefur menntamálaráðherra veitt styrki til eftirfarandi tuttugu verkefna.

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Styrkur í þús. kr.
Hópur sérkennara	Greiningarpróf í lestri og stafsetningu fyrir 5. bekk	675
Rannveig Lund	Greinandi ritmálspróf fyrir 14 ára nemendur (GRP14)	600
Talþjálfun Reykjavíkur	Hljóðkerfisvitund - undanfari lestrarnáms	400
Hugfang	Réttitrunaræfingar fyrir Ritþjálfu	300
Snælandsskóli	Lestur og ritun í yngri deildum	170
Snælandsskóli	Lestur og upplýsingatækni	240
Hvaleyrarskóli	Markviss málörvun í leik og starfi	600
Sérkennarar og sálfræðingar Akranesi	Leiðarljós, handbók grunnskóla	650
Grunnskóli Bolungarvíkur	Stignámskrá fyrir Grunnskóla Bolungarvíkur	600
Grunnskólar í Fjarðabyggð, (Nesskóli, Eskifjörður, Reyðarfjörður)	Samræmt matskerfi	500
Selásskóli og Íslenska menntanetið	Gagnvirkt samskiptakerfi milli heimila og skóla	700
Réttarholtsskóli	Samstarf foreldra og skóla um uppeldi og menntun	410
Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, f.h. samstarfsaðila	Norsku- og sænskukennsla á neti	600
Kópavogsskóli	Ábyrgð og skólastarf	400
Rósa Gunnarsdóttir og Gísli Þorsteinsson	Barna- og skólavefur um nýsköpun	455
Grunnskólinn í Búðardal	Foreldrasamstarf í tengslum við lotukerfi	500
Grunnskólinn á Ísafirði	Saman í takt, heimili og skóli	495
Grenivíkurskóli	Áfangakerfi í stærðfræði	400
Grunnskólinn í Hveragerði	Græn vinátta	600
Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri	Nemendasamningar	400

Staða vinnu við sjálfsmat könnuð

Í könnun sem menntamálaráðuneytið gerði á sl. ári kom í ljós að 77% þeirra grunnskóla sem svöruðu könnuninni höfðu unnið eitthvað að sjálfsmati skólaárið 1997-98, en í 23% tilfella hafði ekkert verið unnið við sjálfsmat skóla (sjá mynd 1). Spurt var af hvaða ástæðum vinna við kerfisbundið sjálfsmat væri ekki hafin. Algengasta ástæðan var þekkingarskortur, en einnig voru nefndar ástæður eins og tímaskortur, tíð manna-skipti bæði meðal stjórnenda og kennara, óvissa um greiðslu fyrir vinnu við sjálfsmat og að önnur verkefni hefðu haft forgang. Ennfremur var spurt hvenær áætlað væri að vinna við sjálfsmat myndi hefjast. Fáir þeirra sem ekki höfðu unnið að sjálfsmati gátu tilgreint nákvæmlega hvenær sjálfsmatið myndi hefjast. Nokkrir ráðgerðu þó að hefja þá vinnu haustið 1998 eða haustið 1999. Á mynd 1 má sjá helstu niðurstöður varðandi vinnu við sjálfsmat í grunnskólum.

Allir framhaldsskólarnir sem svöruðu könnuninni sögðust hafa unnið eitthvað að sjálfsmati, en í ljós kom að þeir voru mislangt á veg komnir eins og sjá má á mynd 2.

Í 49. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og í 23. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla eru ákvæði um að skólar skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið. Í báðum þessum lögum eru ákvæði þess efnis að á fimm ára fresti skuli að frumkvæði menntamálaráðuneytisins gerð úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla. Ákvæðin um úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla koma til framkvæmda skólaárið 2001-2002 á báðum skólastigum.

79% grunnskóla gefa reglulega út skólanámskrár

Í könnuninni var einnig spurt um gerð skólanámskráa. Í ljós kom að

í 79% grunnskóla var reglulega gefin út skólanámskrá. Aðeins 2% grunnskóla sögðust ekkert hafa unnið að skólanámskrárgerð. Í 10% tilvika var undirbúningur við gerð skólanámskrár hafinn og einnig sögðu 10% skóla að vinna við skólanámskrá væri á lokastigi. 16% skóla voru að semja skólanámskrá þegar könnunin var gerð.

Í könnuninni kom í ljós að 5% framhaldsskóla höfðu ekkert unnið að gerð skólanámskrár, í rúmlega 63% skóla var undirbúningur hafinn að gerð skólanámskrár, í um þriðjung skóla var verið að semja skólanámskrá og kom fram að áætluð útgáfa væri haustið 1998, vorið 1999 og árið 2000. Í 5% skóla var vinna við skólanámskrá á lokastigi.

Alls svöruðu 123 af 198 grunnskólum sem voru starfandi skólaárið 1997-98, sem er 62% svörum. Af 30 framhaldsskólum sem könnunin var send til svöruðu 19, þannig að svör bárust frá 63% framhaldsskóla. Niðurstöður eru því ekki marktækar og er hér því aðeins um vísbendingar að ræða.

Staða vinnu við sjálfsmat - grunnskólar



Mynd 1

Staða vinnu við sjálfsmat - framhaldsskólar



Mynd 2

Skýrsla um framkvæmd s í grunnskólum 1995

Í skýrslu menntamálaráðherra um framkvæmd skólahalds í grunnskólum sem er aðgengileg á heimasíðu ráðuneytisins: www.mrn.stjr.is, er að finna ýmsar upplýsingar um skólahald s.s. um fjölda skóla, nemenda, kennara, árangur á samræmdum prófum og fjölda kennslustunda í einstökum námsgreinum.

Útgjöld til grunnskóla

Það sem m.a. vekur athygli í skýrslunni er að framlög hins opinbera hafa hækkað að nokkuð frá árinu 1995 og eru nú 2,83% af vergri landsframleiðslu, sjá töflu 1. Hækkunin nemur 0,4% á tímabilinu. Kostnaður á hvern nemenda var árið 1997 um 350 þúsund krónur og hafði hækkað um 96 þúsund krónur frá 1995. Framlag ríkissjóðs hefur af eðlilegum ástæðum lækkað nokkuð og var árið 1997 0,38% af vergri landsframleiðslu, en framlag sveitarfélaga var árið 1997 2,4% af vergri landsframleiðslu, miðað við 1,17% árið 1995. Í töflu 1 eru útgjöld heimila vegna grunnskóla talin nema um 0,10% af vergri landsframleiðslu. Rétt er að vekja athygli á því að tölur um útgjöld heimila eru gróf áætlun. Þær upplýsingar sem taflan byggir á eru fengnar hjá Þjóðhagsstofnun. Hér er valin sú leið að telja framlag ríkissjóðs til sveitarfélaga sem samið var um vegna flutnings grunnskólans sem útgjöld ríkissjóðs en ekki sem útgjöld sveitarfélaga eins og stundum er gert.

Fjöldi kennara hefur aukist

Það er einnig athyglisvert að frá árinu 1995 hefur réttindakennurum og leiðbeinendum fjölgað verulega eða um 328

Útgjöld til grunnskóla 1995-1998

Tafla 1

	1995	1996	1997
Útgjöld hins opinbera í milljónum króna	10.979	13.159	14.977
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	2,43%	2,71%	2,83%
Kostnaður hins opinbera á nemanda í þús. kr.	258	313	354
Útgjöld ríkissjóðs í milljónum króna*	5.691	6.904	2.039
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	1,26%	1,4%	0,38%
Kostnaður ríkissjóðs á nemanda í þús. kr.	134	164	48
Útgjöld sveitarfélaga í milljónum króna	5.288	6.255	12.938
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	1,17%	1,28%	2,4%
Kostnaður sveitarfélaga á nemanda í þús. kr.	124	149	306
Útgjöld heimila í milljónum króna**	495	584	530
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	0,11%	0,12%	0,10%
Kostnaður heimila á nemanda í þús. kr.	12	14	13
Verg landsframleiðsla	451.547	485.884	529.179

* 1996: Tilfærsla frá ríki til sveitarfélaga vegna grunnskóla var 2.772 millj.kr. og er sú upphæð færð sem útgjöld ríkissjóðs.

1997: Tílfærsla frá ríki til sveitarfélaga vegna grunnskóla var 1.261 millj.kr. og er sú upphæð færð sem útgjöld ríkissjóðs.

** Hér er um grófa nálgun að ræða

Heimild: *Búskapur hins opinbera* 1995-96, Þjóðhagsstofnun, nóv. 1997 og Þjóðhagsstofnun 1999, óbirtar upplýs.

einstaklinga og stöðugildum hefur einnig fjölgað verulega eða um 377 stöðugildi frá árinu 1995 þótt nemendum hafi ekki fjölgað á tímabilinu. Í töflu 2 má sjá fjölda kennara og stöðugildi réttindakennara og leiðbeinenda í grunnskólum á tímabilinu 1995-1998. Ekki tókst að afla fullnægjandi upplýs-

inga um réttindakennara og leiðbeinendur fyrir skólaárið 1996-97 og er því gerður fyrirvari um áreiðanleika upplýsinga fyrir það skólaár. Hlutfall karla og kvenna helst nánast óbreytt á tímabilinu, um 73% kennara eru konur og 27% karlar.

skólahalds -1998

Styrkir verkefni sem stuðla að nýjungum í leikskólum

Fjöldi kennara og stöðugildi 1995 - 1998

Tafla 2.

	Skólaár		
	1995-96	1996-97*	1997-98
Fjöldi alls	3.549	3.319	3.877
Réttindakennarar	3.040	2.939	3.265
Leiðbeinendur	509	380	612
Hlutfall réttindakennara	86%	89%	84%
Hlutfall leiðbeinenda	14%	11%	16%
Stöðugildi alls	2959	2960	3336
Réttindakennarar	2.635	2.664	2.892
Leiðbeinendur	324	296	444
Hlutfall stöðugilda réttindakennara	89%	90%	87%
Hlutfall stöðugilda leiðbeinenda	11%	10%	13%
Hlutfall kynja			
Hlutfall kvenna	73%	74%	73%
Hlutfall karla	27%	26%	27%

* Settur er fyrirvari við tölur fyrir skólaárið 1996-97 þar sem ekki tókst að afla upplýsinga frá 42 skólum, en tekið skal fram að mestmegnis var um að ræða fámenna skóla.

Heimildir: Tölur fyrir 1997-98 eru frá Hagstofu Íslands. Eldri tölur eru frá menntamálaráðuneytinu.

Þróunarsjóður leikskóla starfar samkvæmt reglum sem menntamálaráðherra setur á grundvelli 4. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994 og 27. gr. reglugerðar um starfsemi leikskóla nr. 225/1995.


Fyrst var úthlutað úr sjóðnum árið 1989 og hefur verið úthlutað hvert ár síðan. Tilgangur sjóðsins er að styrkja verkefni sem stuðla að nýjungum í leikskólum.

Styrkumsóknir skulu berast menntamálaráðuneytinu fyrir 15. mars ár hvert. Úthlutun fer fram einu sinni á ári. Samtals hafa verið veittir 49 styrkir til þróunarverkefna úr sjóðnum. Upplýsingar um einstök þróunarverkefni er að finna á heimasíðu menntamálaráðuneytisins.

Í fjárlögum fyrir árið 1999 eru kr. 3.000.000 til úthlutunar úr Þróunarsjóði leikskóla. Alls hafa borist umsóknir frá 15 leikskólum og verður úthlutun lokið fyrir 1. maí næstkomandi.



Myndin var tekin á fundi menntamálaráðherra með stjórn Bandalags íslenskra listamanna hinn 21. mars 1999. Á myndinni eru frá vinstri: Björn Th. Arnason formaður Félags íslenskra hljómlistamanna, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson formaður Rithöfundasambands Íslands, Nanna Ólafsdóttir formaður Félags íslenskra dansara, Pétur Einarsson formaður Félags leikstjóra á Íslandi, menntamálaráðherra, Hjálmar H. Ragnarsson rektor Listaháskóla Íslands og fyrrverandi formaður BÍL, Tinna Gunnlaugsdóttir forseti Bandalags íslenskra listamanna, Friðrik Þór Friðriksson formaður Sambands kvikmyndaleikstjóra, Edda Þórarinsdóttir formaður Félags íslenskra leikara, Kjartan Ólafsson formaður Tónskáldafélags Íslands, Margrét Bóasdóttir formaður Félags íslenskra tónlistarmanna.



Ljós. Bára

Nefndir, ráð og stjórnir í menningarmálum

Nýlega hefur verið skipað í eftirfarandi nefndir, ráð og stjórnir á sviði menningarmála.

Bókmenntakynningarsjóður

Jónína Michaelsdóttir framkvæmdastjóri, formaður

Hávar Sigurjónsson leikhúsfræðingur
Elisa Björg Þorsteinsdóttir þýðandi
Bókmenntakynningarsjóður starfar samkvæmt reglum sem menntamálaráðuneytið setti árið 1982. Hlutverk sjóðsins er að kynna íslenskar bókmenntir erlendis í þeim tilgangi að íslensk skáldverk verði gefin út á erlendum málum í bókarformi, birt í tímaritum og flutt í leikhúsum, útvarpi og sjónvarpi.

Þýðingarsjóður

Jakob F. Ásgeirsson rithöfundur, formaður
Vilborg Harðardóttir framkvæmdastjóri
Kristján Kristjánsson rithöfundur
Þýðingarsjóður var stofnaður með lögum nr. 35/1982. Hlutverk hans er að veita útgefendum lán eða styrki til útgáfu vandaðra erlendra bókmennta á íslensku máli og skulu framlögin notuð til þýðingarlauna.

Leiklistarráð

Magnús Ragnarsson leikari, formaður
Kristbjörg Kjeld leikari
Ragnheiður Tryggvadóttir framkvæmdastjóri
Leiklistarráð starfar skv. 17. og 18. gr. leiklistarlaga nr. 138/1998. Meginhlutverk ráðsins skal vera að gera tillögu um úthlutun fjár sem veitt er til stuðnings

atvinnuleikhópum og veita umsögn um leiklistareriðni sem menntamálaráðuneytið vísar til þess. Það getur einnig að eigin frumkvæði beint ábendingum og tillögum til ráðuneytisins um leiklistarmál.

Stofnun Sigurðar Nordals

Ólafur Ísleifsson hagfræðingur, formaður
Sigurður Pétursson lektor

Póra Björk Hjartardóttir lektor
Stofnun Sigurðar Nordals, sem sett var á fót árið 1986, hefur það hlutverk að efla hvarvetna í heiminum rannsóknir og kynningu á íslenskri menningu að fornu og nýju. Stofnunin starfar á vegum Háskóla Íslands en hefur sjálfstæðan fjárhag.

Nefnd um tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð

Ólafur B. Thors forstjóri, formaður
Stefán Hermannsson borgarverkfriðingur
Pórhallur Arason skrifstofustjóri
Árni M. Mathiesen alþingismaður
Helga Jónsdóttir borgarritari

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri
Nefndin hefur það hlutverk að vinna að samkomulagi milli ríkis og Reykjavíkurborgar um fjármögnun, framkvæmdatilhögun og kostnaðarskiptingu vegna byggingar tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar í samvinnu þessara aðila. Auk þess er hlutverk nefndarinnar að fá rekstraraðila og fjárfesti að hóteli sem risi í tengslum við tónlistarhúsið og ráðstefnumiðstöðina.

Myndlistarnefnd menntamálaráðuneytisins

Ólafur Kvaran forstöðumaður, formaður
Daníel Þorkell Magnússon myndlistarmaður

Auður Ólafsdóttir listfræðingur

Hlutverk nefndarinnar er að veita umsagnir um styrkumsóknir vegna myndlistarverkefna hér á landi og erlendis, vera til ráðuneytis um þátttöku Íslands í myndlistarsýningum erlendis og önnur myndlistarmálefni eftir því sem ákveðið kann að vera.

Tónlistarnefnd menntamálaráðuneytisins

Selma Guðmundsdóttir tónlistarmaður, formaður

Ásgeir H. Steingrímsson tónlistarmaður
Margrét Bóasdóttir tónlistarmaður

Hlutverk nefndarinnar er að veita umsagnir um styrkumsóknir vegna tónlistarverkefna hér á landi og erlendis og vera til ráðuneytis um önnur tónlistarmálefni eftir því sem ákveðið kann að vera.

Menningarnet Íslands

Gunnar Harðarson dósent, formaður
Katrín Sigurðardóttir myndlistarkennari
Jón Hrólfur Sigurjónsson tónlistarkennari
Sigurjón B. Sigurðsson skáld
Guðrún Hálfaldánardóttir blaðamaður
Menningarnet Íslands er starfrækt á vegum menntamálaráðuneytisins. Því er ætlað að tengja saman í eitt upplýsinganet heimasíður íslenskra menningar- og listastofnana og annarra aðila sem starfa að menningu og listum á Íslandi. Hlutverk þess er einkum að auðvelda aðgang að upplýsingum um íslenska menningar- og listastarfsemi.

Munu móta samfélagið allt

Björn Bjarnason menntamálaráðherra kynnti nýja aðalnámskrá grunnskóla á blaðamannafundi föstudaginn 26. mars sl. Þá voru komin úr prentun fjögur hefti af tólf, almennur hluti, íþróttir - líkams- og heilsurækt, íslenska og lífsleikni. Ráðherra gerði m.a. grein fyrir helstu breytingum sem verða með nýrri námskrá, rakti hvernig vinnunni við hana hefur verið háttáð og gat nokkurra þeirra fjölmörgu sem þar hafa lagt hönd á plóginn. Í allt hafa hátt á þriðja hundruð manns komið að verkinu.

Í máli hans kom m.a. fram að um verkið hefur ríkt pólitísk sátt og samráð við hagsmunaaðila hefur verið mikilvægur þáttur þess. Tekist hefur að halda kostnaði innan áætlunar en heildarkostnaður við gerð aðalnámskrár fyrir grunn- og framhaldsskóla er rétt innan við eitt hundruð milljónir króna. Þá kom fram í máli ráðherra að í námskránnar hefði verið lögð vinna sem samsvaraði rúmum 33 mannaárum eða tæplega meðalstarfsævi eins manns og að verkið ætti eftir að snerta líf fjölda einstaklinga og hafa áhrif á samfélagið allt á komandi árum.

Skólar þegar farnir að starfa eftir námskránni

Í námskránni eru markmið og viðfangsefni sett fram með skýrum hætti og með samhlíða endurskoðun námskráa þriggja skólastiga, þ.e. leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, verður skólaganga samfelld. Í nýrri aðalnámskrá grunnskóla er í fyrsta sinn tekið mið af tíu ára skólagöngu, sveigjanleiki náms er aukinn til muna, svo og valfrelsi nemenda í efstu bekkjum. Grunnskólalög og ný aðalnámskrá hafa í för með sér umtalsverða lengingu á kennslutíma. Árið 2001 verður vinnuvika allra nemenda, tíu ára og eldri, orðin 35-37 stundir að lágmarki. Með því hefur heildartími til kennslu í grunnskóla verið aukinn um 15% frá skólaárinu 1994-1995. Kennsla náttúrufræðigreina hefst þegar í 1. bekk og tími til náttúrufræðináms eykst um allt að 60%. Tími til stærðfræðikennslu er aukinn um 12%. Vægi íslensku og stærðfræði er undirstrikað og saman fá þessar tvær greinar tæp 40% alls kennslutíma í grunnskóla. Enska verður fyrsta erlenda tungumálið og hefst kennsla hennar í fimmta bekk.

Í máli ráðherra kom fram að þegar hafa nokkrir skólar hafið kennslu ensku í fimmta og jafnvel fjórða bekk. Samræmdum prófum í 10. bekk verður fjölgað úr fjórum í sex ef Alþingi samþykkir breytingar á grunnskólalögum. Auk íslensku, stærðfræði, ensku



og dönsku geta nemendur þá þreytt samræmd lokapróf í náttúrufræði og samfélagsgreinum. Aukið valfrelsi þýðir að nemendur geta lokið námi í grunnskóla með mismunandi áherslum og einnig á skemmri tíma en áður, á níu árum í stað tíu. Með nýrri aðalnámskrá koma loks til skjalanna nýjar námsgreinar sem endurspeglar breyttar áherslur í skólastarfi og samfélaginu í heild. Upplýsingalæsi og tölvunotkun eða upplýsingamennt er ný grein sem kennd verður frá upphafi skólagöngu, hefðbundin smíði tekur á sig nýja og umfangsmeiri mynd undir heitinu hönnun og smíði og lífsleikni verður að sérstakri námsgrein frá níu ára aldri. Í lífsleikni er hugað sérstaklega að ýmsum þáttum sem ekki hafa áður haft formlegan kennslutíma í grunnskóla en eru nemendum mikilvægir til skilnings og þátttöku í nútíma-samfélagi. Þá eru í aðalnámskrá sett fram námsmarkmið í leikrænni tjáningu, dansi, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar.

Kemur að fullu til framkvæmda á þremur árum

Aðalnámskrá grunnskóla gengur í gildi 1. júní nk. og kemur til framkvæmda frá og með næsta skólaári eftir því sem við verður komið og skal að fullu vera komin til framkvæmda í júní árið 2001. Námskrárhæftunum verður væntanlega dreift í þrennu lagi til skóla, kennara, skólustjórnenda, skólaskrifstofa, foreldraráða og annarra hagsmunaaðila á næstu vikum en ráð er fyrir því gert að öll heftin tólf verði komin úr prentun fyrir apríllök.

Námskrár framhaldsskóla, leikskóla og tónlistarskóla væntanlegar

Menntamálaráðuneytið er nú að leggja lokahönd á bóknámshluta aðalnámskrár fyrir framhaldsskóla og verður hann tilbúinn til útgáfu innan tíðar. Starfsgreinahluti námskrárinnar er í endurskoðun hjá fjórtán starfsgreinaráðum og verður hann gefinn út í jafnmörgum heftum á næstu misserum. Vinna við aðalnámskrá leikskóla er á lokastigi. Tekið hefur verið við athugasemdum frá umsagnaraðilum og fer námskráin í prentun á næstunni. Vinnu við námskrá tónlistarskóla hefur miðað vel og verður einnig ráðist í útgáfu hennar á þessu ári.



Víkingasýning í Washington

Björn Bjarnason menntamálaráðherra, formaður Norrænu ráðherranefndarinnar um menningarmál, ávarpaði 8. apríl sl. blaðamannafund til kynningar á Víkingasýningu í Smithsonian safninu í Washington. Ásamt honum töluðu Róbert Fry forstöðumaður Smithsonian, Hans-Olov Olsson forstjóri Volvo og Hillary Rodham Clinton forsetafrú en hún er formaður nefndar Hvíta hússins um viðburði tengda árbúsundamótunum í Bandaríkjunum.

Smithsonian safnið í Washington DC hefur nú um nokkurt skeið unnið að undirbúningi norrænnar víkingasýningar í samvinnu við Norrænu ráðherranefndina og Volvo. Sýningin sem ber vinnuheitid *Vikings: The North Atlantic Saga* mun verða stærsta verkefni safnsins á árbúsundamótum og er fyrirhugað að hún verði opnuð hinn 29. apríl árið 2000.

Efnisþættir sýningarinnar eru að miklu leyti byggðir á Íslendingasögnum og eru meginhlutar hennar víkinga-

tíminn á Norðurlöndum, siglingar vestur og upphaf byggðar norrænna manna á Íslandi, landafundirnir, samskipti norrænna manna við inúíta í Ameríku, norræn byggð og hnignun hennar á miðöldum.

Forræði og stjórn sýningarinnar er alfarið í höndum Smithsonian safnsins en í nánú samstarfi við sérfræðinga á Norðurlöndum, sem m.a. aðstoða við val á munum til að lána á sýninguna.

Í tengslum við verkefnið verður m.a. gefin út vegleg sýningarskrá með greinum eftir norræna og norður-ameríska fræðimenn auk kennsluefnis um víkingatímamann og landafundi norrænna manna.

Pegar sýningartíma í Washington lýkur er gert ráð fyrir að sýningin fari til safna í Bandaríkjunum og Kanada næstu tvö árin.

Sýningarstjóri er William Fitzhugh, verkefnisstjóri heitir Elizabeth Ward. Íslenskir sérfræðingar í vinnuhópi Smith-

sonian um gerð sýningarinnar eru Lilja Árnadóttir, safnvörður og Örnólfur Thorsson bókmenntafræðingur. Laufey Guðjónsdóttir er fulltrúi menntamálaráðuneytisins í stjórnarnefnd Norrænu ráðherranefndarinnar um norrænar menningarkynningar erlendis, sem annast framkvæmd sýningarinnar af hálfu Norðurlanda.

Víkingasýningar í Kanada.

Jafnhliða sýningunni í Smithsonian safninu, og í samstarfi við það, er unnið að uppsetningu á víkingasýningu í Newfoundland Museum í St. Johns á Nýfundnalandi og er fyrirhugað að hún opni einnig vorið 2000.

Úthlutun styrkja til atvinnuleikhópa 1999

Menntamálaráðuneytið hefur, að fengnum tillögum frá framkvæmdastjórn Leiklistarráðs, úthlutað framlögum af fjárlagaliðnum Starfsemi atvinnuleikhópa 1999, sem hér segir:

<i>Flugfélagið Loftur</i>	3 millj. kr. starfsstyrkur til eins árs.
<i>Leikfélag Íslands</i>	2 millj. kr. starfsstyrkur til eins árs.
<i>Möguleikhúsið</i>	2 millj. kr. starfsstyrkur til eins árs.
<i>Kaffileikhúsið</i>	1 millj. kr. starfsstyrkur til eins árs.
<i>Dansleikhús með ekka</i>	1 millj. kr. til uppsetningar á verki um einelti.

Leikfélagið Annað svið

1 millj. kr. til uppsetningar á leikverkinu Sölku Völku.

Leikfélagið Fljúgandi fiskar

1 millj. kr. til uppsetningar á leikverkinu Medeu.

Brúðuleikhúsið Tíu fingur

750 þús. kr. til uppsetningar á leikverkinu Ketils saga flatnefs.

Leikhópurinn Á senunni

750 þús. kr. til uppsetningar á leikverkinu Hinn fullkomni jafningi.


Nótt og dagur

500 þús. kr. til undirbúnings á leikverkinu Kryddlegin hjörtu.

Alls bárust umsóknir frá 39 aðilum til rúmlega 70 verkefna. Til úthlutunar voru samtals 21 millj. kr. Þar af runnu 8 millj. kr. til Hafnarfjarðarleikhússins Hermóds og Háðvarar vegna tveggja ára starfssamnings við leikhúsið.

Í úthlutunarnefnd Leiklistarráðs sátu Hlín Gunnarsdóttir, Gísli Alfreðsson og María Kristjánsdóttir.

Myndin er úr leiksýningunni Hattur og Fattur og birt með góðfúslegu leyfi Loftkastalans.



á vegum Listaháskóla Íslands

Menntamálaráðherra og rektor Listaháskóla Íslands hafa undirritað áætlun um uppbyggingu listmenntunar á háskólastigi á næstu þremur árum. Samkvæmt áætluninni tekur Listaháskólinn í áföngum að sér menntun á þeim sviðum sem Myndlista- og handíðaskóli Íslands, Leiklistarskóli Íslands og tónlistarskólar á háskólastigi hafa starfað og lagar menntunina að breyttum kröfum, sbr. lög nr. 136/1997 um háskóla og lög nr. 43/1995 um listmenntun á háskólastigi.

Listaháskóli Íslands sjálfseignarstofnun

Starfsemi Listaháskóla Íslands á sér nokkurn aðdraganda. Hinn 27. nóvember 1992 skipaði þáverandi menntamálaráðherra nefnd til þess að gera tillögur um skipulag og rekstrarform stofnunar er veiti æðri menntun í listum. Sú nefnd skilaði ítarlegri skýrslu í maí 1993. Lög um listmenntun á háskólastigi voru samþykkt vorið 1995, en þau lög heimiluðu menntamálaráðherra að gera samning við lögaðila, félög eða stofnanir um að annast menntun á háskólastigi í listum sem fari fram á vegum sjálfstæðrar stofnunar. Eftir samþykkt þessara laga var stofnað félag áhugamanna um stofnun Listaháskóla Íslands og hafði félagið forystu um formlega stofnun Listaháskóla Íslands í september 1998.

Starfar Listaháskóli Íslands sem sjálfseignarstofnun. Fyrsta stjórn Listaháskólans var mynduð á stofnfundi skólans í september 1998 og var fyrsti rektor skólans, Hjálmar H. Ragnarsson ráðinn til starfa 1. janúar sl.

Myndlistarmenntun hefst í haust við skólann

Með þeirri áætlun sem nú hefur verið undirrituð er ákveðið að listmenntun á háskólastigi hefjist í áföngum á vegum Listaháskóla Íslands á næstu þremur árum sem hér segir:

1. Myndlistarmenntun hefjist á vegum Listaháskóla Íslands frá og með 1. ágúst 1999 með því að menntun sem fram hefur farið á vegum Myndlista- og handíðaskóla Íslands fari fram óbreytt á vegum Listaháskóla Íslands á skólaárinu 1999-2000. Starfrækslu Myndlista- og handíðaskóla Íslands verði hætt frá sama tíma.
2. Leiklistarmenntun á háskólastigi hefjist á vegum Leiklistarskóla Íslands á næsta ári eða frá og með 1. ágúst 2000 og verði starfrækslu Leiklistarskóla Íslands hætt frá og með sama tíma. Gerður verði þjónustusamningur við Listaháskóla Íslands vegna

Áætlunin hefur verið kynnt í ríkisstjórninni og samþykkt af stjórn Listaháskóla Íslands. Þá hefur áætlunin verið kynnt fyrir skólastjórum, starfsfólki og nemendum Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Leiklistarskóla Íslands og Tónlistarskólans í Reykjavík á sérstökum kynningarfundum.

Nemendur, sem hafa innritast til náms í listaskólum áður en Listaháskólinn hefur kennslu á viðkomandi sviði munu fá tækifæri til þess að ljúka prófum samkvæmt því námsskipulagi sem var í gildi er þeir innrituðust. Hins vegar mun Listaháskóli Íslands bjóða þeim nemendum, sem hafa til þess forsendur að ljúka



Myndin er tekin við undirritun áætlunar um uppbyggingu listmenntunar á háskólastigi. Sitjandi eru Hjálmar H. Ragnarsson rektor Listaháskóla Íslands, Björn Bjarnason menntamálaráðherra og Stefán P. Eggertsson, formaður stjórnar Listaháskóla Íslands. Standandi frá vinstri eru Kristinn Hrafnsson myndlistamaður, Pétur Einarsson leikari og Karólína Eiríksdóttir tónskáld.

- námsins eigi síðar en 1. ágúst 2000.
3. Tónlistarmenntun hefjist á vegum Listaháskóla Íslands eigi síðar en 1. ágúst 2001 að undangengnum viðræðum við þá tónlistarskóla sem veitt hafa slíka menntun og fengið til þess fjárframlög eða styrkveitingar frá ríkinu. Þjónustusamningur verði gerður við Listaháskóla Íslands um tónlistarmenntunina eigi síðar en 1. maí 2001.

prófi með háskólagráðu ef þeir óska.

Stjórn Listaháskóla Íslands hefur óskað eftir því við núverandi starfsfólk Myndlista- og handíðaskóla Íslands að það gefi kost á sér til starfa við Listaháskólann næsta skólaár, þ.e. til 1. ágúst 2000.

Stefnt er að því að öll starfsemi Listaháskóla Íslands flytjist á einn stað haustið 2001 þannig að unnt verði að samþætta nám í öllum deildum háskólans.

Mat á þörf fyrir grunnskólakennara árið 2010

Í október 1998 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að leggja mat á þörf fyrir grunnskólakennara fram til ársins 2010. Í lok febrúar skilaði nefndin skýrslu sinni og er hún í þremur hlutum. Í fyrsta hluta er sýnt hvernig þróunin hefur verið á síðustu árum, í öðrum hluta er útskýrt hver staðan er um þessar mundir og hvaða þróun er líkleg fram til ársins 2010, í þriðja hluta setur nefndin fram hugmyndir um viðbrögð.

Helsu niðurstöður nefndarinnar eru þessar:

- Nemendum grunnskóla fjölgar á næstu 4-5 árum í rúm 44 þúsund en fækkar aftur í tæp 42 þúsund á skólaárinu 2009-2010. Nemendum fjölgar mest á Reykjanesi og í Reykjavík en fækkar á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Austurlandi.
- Stöðugildi grunnskólakennara á

landinu eru nú rúmlega 3200. Stöðugildum fjölgar á næstu árum og verða um 3450 árið 2004 en fækkar svo aftur í tæplega 3300 árið 2009

- Kennarar og leiðbeinendur að störfum í grunnskólum nú eru 3726. Þeim fjölgar í rúm 4000 árið 2004 en fækkar aftur í um 3835 árið 2009 að öðru óbreyttu.
- Ákvæði grunnskólaganna 1995 kalla á 283 ný stöðugildi á átta árum. Fjölgun stöðugilda af þessum sökum verður komin fram 2001-2002.
- Hlutfall leiðbeinenda haustið 1998 var lægst í Reykjavík, um 7 % og á Reykjanesi, um 10% en hæst á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra eða um 50%
- Flestir grunnskólakennara eru á aldrinum 45 - 49 ára og um 60 % grunnskólakennara eru 40 ára eða eldri.

• Aldursdreifing íslenskra kennara virðist ekki verulega frábrugðin aldursdreifingu kennara í OECD löndum. Ekki eru fyrirsjáanleg stór vandamál af þessum sökum á næstu árum.

• Líkur benda til að um 70% nýrra kennara skili sér til kennslustarfa.

• Að meðaltali eru útgefin 244 leyfisbréf handa grunnskólakennurum á ári. Auk þeirra sem útskrifast frá Kennaraháskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri, sækir um leyfisbréf fólk sem hefur aflað sér menntunar t.d. í Háskóla Íslands, í Tónlistarskólanum í Reykjavík og skólum erlendis.

Menntamálaráðherra hefur lagt skýrsluna fram í ríkisstjórn og kynnt henni niðurstöður nefndarinnar. Þá hefur efni hennar þegar verið rætt við rektora Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri.

Enn betri leikskóli

Laust eftir páska kynnti Björn Bjarnason menntamálaráðherra, nýja stefnu fyrir leikskóla undir kjörorðunum *Enn betri leikskóli*. Fyrir réttu ári lagði hann fram nýja skólastefnu fyrir grunnskólann. Var það gert í því skyni að yta undir víðtækar umræður um skólamál og fá ábendingar um hvað betur mætti fara við frágang stefnunnar. Þessari viðleitni menntamálaráðuneytisins var vel tekið og með þær undirtektir að leiðarljósi hefur ráðuneytið nú kynnt megindrætti nýrrar stefnu um starf leikskóla. Var ritið sent leikskólum, grunnskólum og öllum foreldrum barna á aldrinum 0 til 5 ára til kynningar áður en lokaáfanginn í gerð aðalnámskrár leikskóla hefst. Stefnt er að því að Aðalnámskrá leikskóla taki gildi næsta haust. Markvisst skólastarf byggir á aðalnámskrám fyrir hvert skólastig. Nýjar aðalnámskrár fyrir leik- grunn- og framhaldsskóla, samdar í anda hinnar nýju skólastefnu, verða kjölfestan í starfi skóla um land allt og í senn leiðarvísir fyrir foreldra, kennara og stjórnendur skólanna.



Aukið sjálfstæði og aukin ábyrgð á eigin málum

Samþykkt hafa verið ný lög um Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri og þar með hafa sérlög sem gilt hafa um þessar háskólastofnanir verið samræmd ákvæðum hinnar nýju heildarlaga nr. 136/1997. Eitt helsta markmið sem stefnt var að með samþykkt heildarlagaanna var að renna styrkari stoðum undir háskólastigið með því að veita háskólastofnunum aukið sjálfstæði og aukna ábyrgð á eigin málefnum. Lög nr. 136/1997, um háskóla, setja háskólastofnunum almennan ramma um stjórnábyrgð og fjárveitingar ríkisins, auk þess sem sett eru fram meginskilyrði sem skólastofnun þarf að uppfylla til þess að geta talist háskóli. Lög um Kennaraháskóla Íslands hafa þegar verið lögð að meginreglum rammalöggjafarinnar.

Í nýju lögum um Háskóla Íslands, sem leysa af hólmi lög sem að stofni til eru frá árinu 1957, er tekið mið af þeim ramma sem lög um háskóla setja, en að auki er leitast við að koma til móts við þau sérstöku sjónarmið sem fram hafa komið um Háskóla Íslands varðandi stjórn stofnunarinnar.

Framkvæmdastjórn og æðsta ákvörðunarvald í höndum háskólaráðs

Meginnýmæli hinna nýju laga Háskóla Íslands felast einmitt í ákvæðum þeirra um stjórnskipulag skólans. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að framkvæmdastjórn og æðsta ákvörðunarvald á málefnum Háskóla Íslands sé í höndum háskólaráðs, sem er nokkru fámennara en það háskólaráð sem nú starfar, en hin nýju lög kveða á um að í háskólaráði sitji ekki fleiri en 10 fulltrúar. Er þetta m.a. byggt á því að með fámennara háskólaráði megi frekar stuðla að skilvirkni í starfi þess. Gert er ráð fyrir að fagsvið, sem nokkrar deildir Háskóla Íslands mynda

saman, eigi fulltrúa í háskólaráði, ásamt tveim fulltrúum tilnefndum af menntamálaráðherra.

Í öðru lagi er kveðið á um nýja stofnun innan Háskóla Íslands sem beri heitið háskólafundur. Háskólafundi er ætlað tvenns konar hlutverk, annars vegar stefnumótun í sameiginlegum málefnum háskólans og hins vegar að veita um-sögn þegar meginreglur er varða stjórn-



skipulag háskólans eru settar. Gert er ráð fyrir skýrri verkaskiptingu milli háskólaráðs og háskólafundar þannig að stefnumótun í málefnum stofnunarinnar fer fram á vettvangi háskólafundar en framkvæmd stefnunnar sem háskólafundur mótar og dagleg framkvæmdastjórn háskólans verði í höndum háskólaráðs, rektors og sameiginlegrar stjórnábyrgð.

Ráðningarvaldið frá menntamálaráðherra til háskólastofnana

Lög um Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri eiga það sameiginlegt að mælt er fyrir um grundvallarskipulag háskólastofnananna í hinum nýju lögum og þeim fengið aukið vald til þess að

setja sjálfar reglur um ýmis framkvæmda- og útfærsluatriði, án atbeina menntamálaráðherra. Í samræmi við þetta er gert ráð fyrir að nokkrir málaflokkar, sem nú heyra undir menntamálaráðuneyti færast til Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Má þar sem dæmi nefna ráðningar í störf, en í lögum er kveðið á um að háskólarektorar ráði alla kennara háskólanna og flesta aðra starfsmenn. Með því fyrirkomulagi hverfur ráðningarvaldið frá menntamálaráðherra til háskólastofnanna. Í lögum eru þó settar reglur er varða inntökuskilyrði, hvers konar gjaldtöku, próf og kærsmål stúdenta, svo og agaviðurlög, en mikilvægt er að meginreglur sem þetta varða séu að einhverju marki bundnar í lögum þar sem þær varða mikilvæg grundvallaratriði í starfsemi háskólans og sum atriði t.d. framkvæmd prófa og ein-kunnagjöf, valda oft ágreiningi.

Með samþykkt nýrra laga um Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og samþykkt nýrra laga um Kennaraháskóla Íslands, í lok ársins 1997, hefur þremur stærstu háskólunum verið skapaður nýr lagarammi á grundvelli hinna almennu háskólalaga, sem tóku gildi 1. janúar 1998. Lög um Háskóla Íslands nr. 41/1999 öðlast þegar gildi og skulu að fullu komin til framkvæmda 1. maí 1999. Starfandi háskólaráð hefur þegar tekið til við að setja reglur til bráðabirgða um kosningarétt, undirbúning og framkvæmd kosninga kennara og stúdenta í nýtt háskólaráð í samræmi við bráðabirgðaákvæði laganna þannig að nýtt háskólaráð geti hafið störf eigi síðar en 1. maí 1999. Þá skal það háskólaráð sem nú situr setja reglur fyrir háskólafund og ákveða hvenær hann verður fyrst kallaður saman. Lög um Háskólann á Akureyri nr. 40/1999 öðlast gildi hinn 1. júlí 1999.

Ráðstefna um upplýsingatækni í skólastarfi

UT99 - Ráðstefna um upplýsingatækni í skólastarfi var haldin dagana 26. og 27. febrúar í Menntaskólanum í Kópavogi. Ráðstefnan var hluti af framkvæmd upplýsingastefnu menntamálaráðuneytisins og var haldin í samvinnu við Skýrslutækni félag Íslands. Á ráðstefnunni var fjallað um hvernig beita má upplýsingatækni til að efla og auðga skólastarf á öllum skólastigum. Ráðstefnunni var ætlað að höfða til kennara og skólastjórnenda á öllum skólastigum og annarra áhugamanna um notkun upplýsingatækni í skólastarfi.

Þátttaka á ráðstefnunni var afar góð, hana sóttu um 420 gestir, auk þess sem 93 sérfræðingar í upplýsingatækni fluttu erindi. Þessi mikli fjöldi ber vott um áhuga og metnað skólafólks á sviði upplýsingatækni og sýnir hve mikil þörf var á því að halda ráðstefnuna.

47 málstofur voru í boði og gat hver

ráðstefnugestur sótt allt að 10 málstofur. Málstofum var raðað í 5 flokka eftir efni: Fjarnám, kennsluhugbúnaður, Netið, þróun og endurmenntun.

Þá var sett upp sýning á kennslu með aðferðum upplýsingatækninnar sem kölluð var „Kennslustofa framtíðar“. Þar mátti fylgjast með kennurum og nemendum að störfum. Kennaraháskóli Íslands leiddi verkefnið í samvinnu við Námsgagnastofnun, Árbæjarskóla og Fjölbrautaskólann við Ármúla. Kennslustofa framtíðar var vel sótt báða dagana og lá stöðugur straumur fólks þangað. Mikill og góður undirbúningur lá að baki verkefninu en um 80 kennarar og nemendur tóku þátt í Kennslustofu framtíðar.

Hugbúnaður og kennsluforrit voru til kynningar í sýningarbasum og gafst gestum kostur á að prófa þar margvíslega möguleika upplýsingatækninnar. Á sýn-

ingunni kynntu 18 fyrirtæki og stofnanir þjónustu sína og má reikna með að um 50 manns hafi komið að því starfi. Var það mál manna að sýningin væri fjölbreytt og hæfilega stór.

Það vakti athygli hvað ráðstefnugestir tóku viðfangsefnið alvarlega og hve einbeittir menn voru í fróðleiksleit sinni. Dagskráin var þannig sett upp að lítið hlé var á milli málstofa og ekkert hlé gert fyrir mat eða kaffi. Var hugmyndin sú að fólk myndi taka sér matarhlé um hádegis á tímabilinu frá 11-14 og þannig mætti afstýra þeirri örtröð sem matarhlé hefði skapað í matsölu skólans. Þetta varð hinsvegar til þess að stærstur hluti ráðstefnugesta tók sér ekkert hlé og en sótti málstofur allan daginn.

Nánari upplýsingar um hana er að finna á heimasíðunni: <http://www.ismennt.is/vefir/ut99>



Ljóm. Ingvor Guðmundsson

Myndin er tekin í lokahófi ráðstefnunnar UT99. Frá vinstri eru Björn Bjarnason menntamálaráðherra, Örn Sigurbergsson aðstoðarskólameistari í MK, Pétur Ásgeirsson deildarstjóri í menntamálaráðuneyti, Svanhildur Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri Skýrslutækni félags Íslands, Margrét Friðriksdóttir, skólameistari í MK og Sigrún K. Magnúsdóttir, kennslustjóri í Hótel- og matvæðaskóla MK.



Ljóm. Ingvor Guðmundsson

Tveir snáðar að spreyta sig á tölvu í kennslustofu framtíðarinnar.